

Könnun á ólífrænum snefilefnum og aromatískum fjölhringjum (PAH) í kræklingi við Grundartanga, Hvalfirði, sumarið 2007



**KÖNNUN Á ÓLÍFRÆNUM SNEFILEFNUM OG
ARÓMATÍSKUM FJÖLHRINGJUM (PAH) Í KRÆKLINGI VIÐ
GRUNDARTANGA, HVALFIRÐI, SUMARIÐ 2007**

ÁGRIP	2
1. INNGANGUR.....	3
2. SÝNASÖFNUN OG MEÐHÖNDLUN BÚRA	6
3. AÐFERÐAFRÆÐI SNEFILEFNAMÆLINGA OG GÆÐAEFTIRLIT.....	7
3.1 Mælingar á PAH.....	7
3.2 Ólífrænir snefilefnapættir.....	9
4. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á LÍFFRÆÐILEGUM STÆRDUM.....	10
4.1 Dauðatíðni	10
4.2 Formfræðilegir þættir kræklings og massar	11
4.2.1 Lengd, hæð og breidd.....	11
4.2.2 Heildarþyngd	14
4.2.3 Skeljamassi	16
4.2.4 Holdmassi.....	18
4.2.5 Ástandsstuðlar kræklingssýna	20
4.3 Meginefnapættir kræklingssýna	22
4.4 Líffræðilegir þættir og meginefnapættir, samantekt.....	22
5. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á ÓLÍFRÆNUM SNEFILEFNAPÁTTUM.....	23
5.1 Flúor	23
5.2 Sink	24
5.3 Kopar.....	25
5.4 Arsen	27
5.5 Kadmín	29
5.6 Króm	31
5.7 Nikkel.....	33
5.9 Blý.....	34
5.10 Kvikasilfur.....	36
5.11 Selen.....	37
5.12 Ál	38
5.13 Járn.....	39
5.14 Vanadín	40
6. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á PAH-EFNUM	41
7. LOKAORÐ OG NIÐURSTAÐA.....	43
8. HEIMILDIR.....	44

VIÐAUKI I LÍFFRÆÐILEGIR ÞÆTTIR SÝNA

VIÐAUKI II NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á ÓLÍFRÆNUM SNEFILEFNUM

VIÐAUKI III NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á PAH-EFNUM

ÁGRIP

Markmið þessa verkefnis var að gera grein fyrir því hvort og þá í hversu miklu mæli lífræn og ólífræn snefilefni væru tekin upp í sjávarlífríki við strönd vegna þeirrar iðnaðarstarfsemi, sem fram fer á Grundartanga. Mengunar í sjávarlífríki getur bæði orðið vart vegna losunar með lofti og vegna beinnar losunar í sjó, t.d. vegna skolunar úr kerbrotagryfjum. Þessi rannsókn er hluti þeirrar vöktunar sem fram fer vegna starfseminnar á Grundartanga en rannsóknir hafa áður farið fram með kræklingi á sjávarlífríki við Grundartanga árin 2000 og 2004. Niðurstöður fyrri rannsókna sýndu að efnamengunar, sem tekin er upp af kræklingi, hafði varla orðið vart frá starfseminni á Grundartanga.

Eins og í fyrri rannsóknum voru sett út búr með einsleitum kræklingi (*Mytilus edulis*) innan við 500 m frá landi á sex stöðvum á svæðinu, bæði á 1 m dýpi og 5 m dýpi miðað við stórstraumsfjöruborð. Kræklingnum var komið fyrir í búrum á viðmiðunarstöð austan við Katanes. Þar var hann í 25 daga eða þar til 09/07/2007 að honum var dreift á stöðvarnar. Hvert búr innihélt 110-120 kræklinga og í upphafi voru þeir á bilinu 36-58 mm. Búrin ásamt sýnum á viðmiðunarstöð voru úti í 77 daga eða þar til 24/09/2007. Til mats á náttúrulegum breytingum með tíma, var tekið viðmiðunarsýni úr kræklingabanka á sama tíma og búr voru sett út.

Kræklingssýni voru skilgreind með tilliti til dánartíðni, lengdar skelja, hæðar, þykktar og heildarþyngdar, þyngdar mjúkvöðva og þyngdar skelja. Þessu til viðbótar voru mældir meginefnaþættirnir þurrefni, aska, salt og fita.

Í mjúkvöðva kræklingssins voru mæld ólífrænu snefilefni F, As, Cd, Cu, Zn, Cr, Ni, Hg, Se, Pb, V, Al, og Fe. Í mjúkvæf voru einnig mæld eftirtalin 21 PAH-efni: naftalen, acenaftýlen, acenaften, flúoren, dibenzotíófen, fenantren, antracén, fluoranten, pyren, benzo(a)antracén, benzo(k)fluoranten, benzo(e)pyren, benzo(a)pyren, perylen, indeno(1,2,3-cd)pyren, dibenzo(a,c+a,h)antracén, benzo(ghi)perylene, benzo (b+j)fluoranten og chrysen, en dibenzo(a,c+a,h)antracén og benzo (b+j)fluoranten eru summa tveggja efna.

Kræklingurinn dafnaði þokkalega á flestum stöðvum. Metið út frá holdarfarsstuðlum er kræklingur á stöðvunum 2007 síðri en á stöðvunum 2004. Þessi munur á einnig við um bankasýnin í lok tilrauna en holdarfar hans var talsvert hærri 2004 en 2007. Kræklingurinn 2000 var hins vegar í betri holdum en kræklingurinn bæði 2004 og 2007, stöðvum og í banka. Dauðatíðni var ávallt undir 4% nema á 1 m dýpi á austustu stöðinni, næst banka, þar sem tíðnin var á bilinu 5-6 %.

Almennt má fullyrða að um lítil áhrif verksmiðjurekstrarins sé að ræða í þeim þáttum sem mældir voru í kræklingi í þessari rannsókn en þessir efnaþættir eru taldir líklegastir til að sjást í umhverfi nálægt verksmiðjurekstri sem þessum. Hér koma ugglaut til hinir miklu straumar og vatnsskipti framan við athafnasvæðið og lítil losun frá verksmiðjurekstrinum. Styrkur ólífrænu snefilefnanna var innan marka þess sem sjá má í ómengaðri íslenskri náttúru en hegðun þeirra er hins vegar háð mjög mörgum umhverfisbreytum. Stöðvar 2 og 6 næst verksmiðjusvæðinu sýndu mælanleg en mjög lítil áhrif á styrk PAH-efna.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir á árunum 2000 og 2004. Ástæða er þó til að vakta reglulega vistkerfi sjávar með viðlíka rannsóknum og hér hefur verið lýst en viðmiðunarsöð þyrfti að flytja fjær líklegu áhrifasvæði verksmiðjurekstrarins, t.d. innar í Hvalfjörð.

1. INNGANGUR

Verkefni þetta var unnið fyrir Norðurál ehf, Hvalfirði, með milligöngu VGK-Hönnunar hf þar sem tengiliður var Jóhanna Björk Wisshappel. Markmið þessa verkefnis var að gera grein fyrir því hvort og þá í hversu miklu mæli lífræn og ólífræn snefilefni væru tekin upp í sjávarlífríki við strönd vegna þeirrar iðnaðarstarfsemi, sem fram fer á Grundartanga. Norðurál hóf starfsemi sína um mitt ár 1998 en Íslenska Járblendifélagið hóf starfsemi árið 1979. Fyrsta kerbrotaflæðigryfja Norðuráls hf var tekin í notkun í janúar 2000 (Elísabet Pálmadóttir, Hönnun hf, munnlegar upplýsingar 2000). Mengunar í sjávarlífríki getur bæði orðið vart vegna losunar með lofti og vegna beinnar losunar í sjó, t.d. vegna skolunar úr kerbrotagryfjum. Þessi rannsókn er hluti þeirrar vöktunar sem fram fer vegna starfseminnar á Grundartanga. Rannsóknir hafa áður farið fram með kræklingi á sjávarlífríki við Grundartanga eða árin 2000 og 2004 (14,15). Niðurstöður þessara fyrri rannsókna sýndu að efnamengunar, sem tekin er upp af kræklingi, hafði ekki orðið vart frá starfseminni á Grundartanga.

Eins og í fyrri rannsóknum voru sett út búr með einsleitum kræklingi (*Mytilus edulis*) innan við 500 m frá landi á sex stöðvum á svæðinu, bæði á 1 m dýpi og 5 m dýpi miðað við stórstraumsfjöruþorð, mynd 1 og mynd 1a. Kræklingurinn á tiltölulega þröngu lengdarbili var fenginn frá Norðurskel, Hrísey, og 15/06/2007 var honum komið fyrir í búrum á viðmiðunarstöð austan við Katanes. Þar var hann í 25 daga eða þar til 09/07/2007 að honum var dreift á stöðvarnar. Hvert búr innihélt 110-120 kræklinga og í upphafi voru þeir á bilinu 36-58 mm. Mynd 1b sýnir stöðvarnar næst verksmiðjusvæðinu og afstöðu til núverandi verksmiðja á Grundartanga.

Stöðvar fyrir krækling voru m.a. valdar á grundvelli strauma á svæðinu. Meðalstraumar í Hvalfirði eru með þeim hætti að þeir koma inn að sunnanverðu og út að norðanverðu þar sem hann gengur frá austri til vesturs framhjá Grundartanga. Hvalfjarðareyrin veldur því hins vegar að þvert yfir fjörðinn gengur straumtungu á Katanesið og Grundartanga úr suðri og þaðan vestur [1]. Sjávarfallastraumar eru með þeim hætti að á aðfallinu fylgja þeir legu strandarinnar við Hvalfjarðareyrina en á útfallinu leitar heildarstraumurinn norður yfir fjörðinn á Grundartanga [1]. Um nokkuð mikla meðalstrauma er að ræða eða á bilinu 6-7 cm/sek sem er áþekkt eiginlegum hafstraum úti á Faxaflóa en tíðast eru straumar á bilinu 5-25 cm/sek og allt upp í 40-50 cm/sek [1]. Vatnsskipti ferskvatns eru ör í Hvalfirði og hafa athuganir sýnt að ferskavatnið endurnýist á 2-3 vikum að jafnaði [2]. Samantekið eru því vatnsskipti mjög mikil framan við verksmiðjustæðið og mestar líkur á að sjá ummerki verksmiðjurekstrarins framan við og vestan við athafnasvæðið.


Búrin ásamt sýnum á viðmiðunarstöð voru úti í 77 daga eða þar til 24/09/2007. Til mats á náttúrulegum breytingum með tíma, var tekið viðmiðunarsýni úr kræklingabanka á sama tíma og búr voru sett út.



Mynd 1 Stöðvar kræklings við Grundartanga í Hvalfirði.

Kræklingssýni voru skilgreind með tilliti til dánartíðni, lengdar skelja, hæðar, þykktar og heildarþyngdar, þyngdar mjúkvöðva og þyngdar skelja. Þessu til viðbótar voru mældir meginefnapættirnir þurrefni, aska, salt og fita.

Í mjúkvöðva kræklingsins voru mæld ólífrænu snefilefnin F, As, Cd, Cu, Zn, Cr, Ni, Hg, Se, Pb, V, Al, og Fe. Í mjúkvef voru einnig mæld eftirtalin 19 PAH-efni: naftalen, acenaftýlen, acenaften, flúoren, díbenzotíófen, fenantren, antracén, fluoranten, pyren, benzo(a)antracén*, benzo(k)fluoranten*, benzo(e)pyren, benzo(a)pyren*, perylen, indeno(1,2,3-cd)pyren*, díbenzo(a,c+a,h)antracén*, benzo(ghi)perýlen, benzo (b+j)fluoranten og chrysen. Athuga þó að díbenzo(a,c+a,h)antracén og benzo (b+j)fluoranten eru summa tveggja efna þ.a. samtals er um að ræða 21 efni. Stjórnumerkta efnin eru talin líkleg til að vera krabbameinsvaldar í fólki skv. IARC 1987 [8,9] og er summa þeirra kölluð CPAH. EPA16, stundum kölluð PAH16, er summa 16 þessara efna: naftalen, acenaftýlen, acenaften, fluoren, fenantren, antracén, fluoranten, pyren, benzo(a)antracén*, benzo(k)fluoranten*, benzo(a)pyren*, indeno(1,2,3-cd)pyren*, díbenzo(a,c+a,h)antracén*, benzo(ghi)perýlen, benzo (b+j)fluoranten og chrysen. M.ö.o. þá er EPA16 öll efnin sem mæld voru utan díbenzotíofen, benzo(e)pyren og perylens. Þetta eru sömu efni og mæld voru í fyrri rannsókn en nú er aðallega efnum með metýlhópa sleppt en þau eru bendiefni á olíu og tjöru. NIVA býður ekki lengur upp á þær mælingar enda EPA16-efnin þau sem mest áhersla er lögð á í dag (umhverfismörk) en meðal þeirra eru 8 CPAH-efnin, sem matvælaeftirlit leitar eftir [24].



Mynd 1a Stöðvar kræklinga.

VGK-Hönnun hf með aðstoð Halldórs Pálmarssonar, Rannsóknastöðinni í Sandgerði, sá um gerð búra og bauja, stofnun kræklingabanka, útsetningu búra og söfnun búra í lok tilraunar. Rannsóknastöðin í Sandgerði í umsjón Guðmundar Víðis Helgasonar og Halldórs P. Halldórssonar sá um vinnslu kræklingssýna fyrir mælingar. Hlutur NMI í þessu verkefni var aðstoð við undirbúning og skilgreiningu sýna fyrir allar mælingar og mælingar á öllum ólífrænum snefilefnum utan Hg, Se og Pb, sem mæld voru á NIVA (Norsk Institutt for Vannforskning) í Noregi, þar sem tengiliður var Rainer Lichtenthaler. Arómatísk fjölhringa-sambönd voru einnig mæld á NIVA. Úrvinnsla gagnanna og skýrslugerð var í höndum NMI.

Á Nýsköpunarmiðstöð Íslands unnu eftirtaldir starfsmenn við þetta verk: Baldur Þór Vigfússon, Guðmundur Hreinn Sveinsson, Helgi Frímann Magnússon, Malin Sundberg, Nili Ben-Ezra, og Guðjón Atli Auðunsson.



Mynd 1b Stöðvar kræklinga næst verksmiðjussvæðinu.

2. SÝNASÖFNUN OG MEÐHÖNDLUN BÚRA

Miðað er við sömu hönnun rannsóknar og lagt var upp með 2000 (14) að viðbættum tveimur stöðvum, stöðvum 5 og 6 á mynd 1, en þessar stöðvar voru einnig notaðar í rannsókninni 2004. 100-120 einstaklingum af kræklingi var komið fyrir í hverju kræklingsbúri. Þröngt lengdarbil var valið, 36-58 mm, til að minnka líffræðilegan breytileik í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Þetta er þrengra bil en það var 2004 en þá var kræklingurinn í upphafi á bilinu 24-60 mm. Í fyrstu rannsókninni árið 2000 var kræklingur valinn minni eða 16-34 mm (miðgildi 27 mm) til að tryggja að hlutfallslegur vöxtur yrði sem mestur og þar með uppsöfnun í vöðva. Fyrir það lengdarbil var eðlilegt að miða við 100 einstaklinga í sýni en bæði 2004 og 2007 voru stærri einstaklingar notaðir og því nægjanlegt að notast við 50 einstaklinga. Það var og gert 2004 en vegna misskilnings við sýnaundirbúning að þessu sinni voru 100 einstaklingar notaðir í sýni. Þetta kemur ekki að sök við túlkun niðurstaðna.

Stærri kræklingur eykur hlutfallslega ekki eins mikið við sig vöxt og smærri kræklingur og veikir þannig nokkuð niðurstöðurnar. Stærri kræklingur er ekki eins viðkvæmur fyrir raski og áhrifum umhverfisþátta og mengunar. Þannig verða líffræðilegir mælipættir s.s. dauðatíðni og holdarfarsstuðlar síður til þess fallnir að gefa til kynna ytri áhrif.

Þann 15/06/2007 var banki stofnaður austan við Katanes, mynd 1. Þann 09/07/2007 var kræklingur sóttur í banka og búrum komið fyrir á sex stöðvum við Grundartanga, á 1 og 5m dýpi, mynd 1. Gert er ráð fyrir sömu aðferðafræði við gerð búra og meðhöndlun búra og lýst hefur verið áður (16). Fyrri viðmiðun úr banka var tekin 09/07/2000. Nákvæm hnit stöðvanna eru sýnd í töflu I.

Tafla I Hnit stöðva við Grundartanga

Stöð	Lýsing	N-hnit	V-hnit	Dýpi, m
Stöð 1	Vestan við grynningar frá Katanesi	64°21,631'	21°45,377'	13,7
Stöð 2	≈200 m austan við bryggjukant	64°21,551'	21°46,350'	10,3
Stöð 3	≈650 m vestan grjótagarðs við kerbrotagryfju	64°20,959'	21°47,259'	12,8
Stöð 4	≈3 km vestan við verksmiðjúsæði	64°20,039'	21°49,043'	12,8
Stöð 5	≈450 m austan við stöð 1	64°21,690'	21°44,842'	14,4
Stöð 6	≈400 m vestan við grjótagarð kerbrotagryfju	64°21,072'	21°47,188'	11,0
Banki	Rúmlega 1 km austan við Katanes	64°22,083'	21°43,682'	19,8-21,9

Búr voru sótt að Grundartanga þann 24/09/2007 ásamt viðmiðunarsýni úr Hvalfjarðar-bankanum. Samtals voru búr því á stöðvum sínum í 77 daga eða 10 dögum lengur en 2004 en þá var kræklingur á stöðvum sínum frá 09/07/2004 til 14/09/2004. Sýnunum var komið fyrir í frysti við -25°C fram að undirbúningi sýna fyrir mælingar.

3. AÐFERÐAFRÆÐI SNEFILEFNAMÆLINGA OG GÆÐAEFTIRLIT

3.1 Mælingar á PAH.

Þessar mælingar fóru fram á NIVA en sú stofnun hefur tekið þátt í QUASIMEME með aðferðafræði sína (lokagreining með GC/MS) með góðum árangri. Samfara mælingum á kræklingasýnum er mælt í viðmiðunarefni (kræklingi) frá NIST og er árangur síðustu mælinga NIVA á þessu viðmiðunarefni (SRM 2977) sýndur í töflu II.

Samfara mælingum á kræklingi í þessu verkefni voru PAH-efni einnig mæld í heimastaðli, kræklingi frá Akershuskaia, og eru niðurstöður þeirrar mælingar að finna í töflu III.

Af töflu II og töflu III má sjá að mælingar á kræklingi þessa verkefnis eru af mjög ásættanlegum gæðum.

Tafla II Niðurstöður NIVA á viðmiðunarefni 2977 frá NIST (kræklingur), ng/g þurrvigt.

PAH-þáttur	Vottað gildi	Meðaltal í eftirlitskortí	Staðalfrávik eftirlitskorts, %	Mæling þann 13.3.2008
Naftalen	19±5	16,3	63	18
Acenaftýlen		2,9	40,5	2,1
Acenaften	4,2±0,4	2,7	37,6	3,9
Fluoren	10,24±0,43	8,7	19,8	8,8
Dibenzotiofen				
Fenantren	35,1±3,8	38	7,6	44
Antracén	8±4	4,9	26,1	4,4
Fluoranten	38,7±1,0	37	13,4	31
Pyren	78,9±3,5	76	17,8	68
Benz(a)antracén	20,34±0,78	21	13,3	16
Chrysen	49±2	47	8,2	45
Benzo(b+j*)fluoranten	15,61±0,48	18	12	14
Benzo(k)fluoranten	4±1	6,3	17,4	8,8
Benzo(e)pyren	13,1±1,1	17	10,3	16
Benzo(a)pyren	8,35±0,72	6,1	20,6	3,3
Perylen	3,5±0,76	2,9	18,4	2,5
Indeno(1,2,3cd)pyren	4,84±0,81	4,3	18,9	3
Dibenz(a,c/a,h)antracén	2±0,2	<2	21	<2
Benzo(ghi)perylene	9,53±0,43	10,2	13,8	9

Tafla II Niðurstöður NIVA á heimastaðli NIVA (kræklingur), ng/g votvigt.

PAH-þáttur	Meðaltal eftirlitskort	Staðalfrávik í eftirlitskortí, %	Mæling samfara Grundartangaverkefni
Naftalen	1	42	1,8
Acenaftýlen	1	49	<0,5
Acenaften	6,4	19	6,5
Fluoren	8,4	27	8,6
Dibenzotiofen	2,9	22	2,9
Fenantren	45	16	46
Antracén	8,6	36	6,9
Fluoranten	73	13	68
Pyren	53	15	51
Benz(a)antracén	13	20	11
Chrysen	12	13	12
Benzo(b+j)fluoranten	11	15	8,2
Benzo(k)fluoranten	4	17	3,2
Benzo(e)pyren	14	11	12
Benzo(a)pyren	2,6	20	1,9
Perylen	1,8	24	2
Indeno(1,2,3cd)pyren	2,1	18	1,4
Dibenz(a,c/a,h)antracén	<0,5	28	<0,5
Benzo(ghi)perylene	3,1	17	2,6

3.2 Ólífrænar snefilefnahættir.

Í öllu var farið eftir handbókum efnagreiningardeildar NMÍ um mælingar á ólífrænum snefilefnum. Niðurbrot sýna fyrir ólífræn snefilefni í mjúkvöðva kræklingi fór fram með upphitun þeirra með HNO₃ í teflon-bombum og örbylgjuhitun. Eftir niðurbrot voru málarnir mældir með ICP-OES. Sama sundrun fór fram á NIVA fyrir greiningu Hg, Se og Pb en þar fór lokagreining fram með ICP-MS, Flúor var mældur með flúornæmu rafskauti (Orion) í mjúkvef kræklingisins eftir aðskilnað flúors frá vef með örsveimi.

Ákvarðanir á vatni, ösku, fitu og salti voru gerðar samkvæmt hefðbundnum aðferðum en fita var mæld á NIVA samfara PAH-mælingum (etýlasetat útdráttur).

Gæðaeftirlit snefilefnamælinga efnagreiningardeildar NMÍ fer fram með ýmsum hætti. Með hverri hrinu af sýnum af ákveðinni gerð eru mæld viðmiðunarefni (reference materials) af svipaðri gerð og tegund sýnis hverju sinni.

Af sérhverju sýni eru tekin misstór hlutasýni. Fyrir hvert sýni voru snefilefnin mæld í tveimur hlutasýnum. Þetta er gert m.a. til að unnt sé að gera grein fyrir einsleitni sýnanna sem til rannsóknar eru hverju sinni, til að gera grein fyrir árangri niðurbrots fyrir hverja sýnategund og að umhverfi málmis sé með þeim hætti að það hafi ekki áhrif á lokagreiningu. Hallatala línunnar, þar sem mældur styrkur málmis sem fall af sýnismagni er reiknaður, gefur styrk málmisins í sýninu en út frá skurðpunkti þessarar línu er minnsta mælanlega magn reiknað. Allir ofangreindir þættir eru að lokum notaðir við mat á lokaniðurstöðunni.

Árangur í mælingu viðmiðunarefna samfara mælingu sýna þessa verkefni er að finna í töflu IV en Mussel tissue er frá IRMM (CE278-35), áður BCR, en DORM, TORT og DOLT eru frá NRCC.

Tafla IV Árangur við mælingar viðmiðunarefna á NMI og NIVA.

Styrkur uppgefinn sem µg/g.

	Al µg/g NMI	Fe µg/g NMI	V µg/g NMI	Cr µg/g NMI	Cr µg/g NIVA	Ni µg/g NMI	Cu µg/g NMI	Zn µg/g NMI	As µg/g NMI	As µg/g NIVA	Cd µg/g NMI	Cd µg/g NIVA	Pb µg/g NIVA	Se µg/g NIVA	Hg µg/g NIVA
Mussel tissue															
Vottað	-	-	-	0,78±0,06	-	-	8,9±0,4	83,1±1,7	6,07±0,13	-	0,348±0,007	-	-	-	-
Mælt	46,0±2,1	119,6±7,9	0,47±0,17	1,08±1,35	-	0,78±0,42	9,45±0,13	78,0±0,1	5,93±0,10	-	0,312±0,015	-	-	-	-
DORM-2															
Vottað	10,9±1,7	142±10	-	34,7±5,5	-	19,4±3,1	2,34±0,16	25,6±2,3	18,0±1,1	-	0,043±0,008	-	-	-	-
Mælt	8,9±0,2	138,0±2,9	0,98±0,16	31,90±0,13	-	16,50±0,04	-	21,2±0,6	17,3±0,4	-	-	-	-	-	-
TORT-2															
Vottað	-	105±13	1,64±0,19	0,77±0,15	-	2,5±0,19	106±10	180±6	21,6±1,8	-	26,7±0,6	-	-	-	-
Mælt	16,0±0,4	98,2±1,1	2,20±0,39	0,94±0,85	-	2,95±0,44	104±3	185±4	21,4±14	-	27,5±0,6	-	-	-	-
DORM-3															
Vottað	-	-	-	-	1,89±0,17	-	-	-	-	6,88±0,30	-	0,29±0,02	0,39±0,05	3,3*	0,409±0,027
Mælt	-	-	-	-	1,58±0,03	-	-	-	-	9,64±0,05	-	0,32±0,01	0,33±0,06	4,6±0,2	0,43±0,01
DOLT-3															
Vottað	-	-	-	-	3,5*	-	-	-	-	10,2±0,5	-	19,4±0,6	0,32±0,05	7,06±0,48	3,37±0,14
Mælt	-	-	-	-	3,12±0,04	-	-	-	-	12,2±0,2	-	19,7±0,8	0,25±0,05	8,33±0,15	3,49±0,15

* Indicative value

Við flúormælinguna var notast við annars vegar aðferð viðbóta og hins vegar mælingu viðmiðunarefnisins Leaves of Poplar (NCS DC73350 frá China National Analysis Center for Iron and Steel, 2004), 22±4 mg/kg flúor. Heimtur viðbóta var í samræmi við heimtur fyrir viðmiðunarefni og að meðaltali 96±1%. Klóríð var sömuleiðis metið með viðbótum og viðmiðunarefni, processed meat (reference material LGC7150 frá Promochem, 2,64±0,17 % sem salt. Heimtur voru 98 %.

Samantekið sýnir gæðaeftirlit mælinga á ólífrænum snefilefnum áreiðanlegar niðurstöður.

4. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á LÍFFRÆÐILEGUM STÆRÐUM

4.1 Dauðatíðni

Í hverju búi var talinn heildarfjöldi og fjöldi dauðra einstaklinga og er niðurstöður þessa að finna í töflu V og mynd 2.


Ekki séwst tilhneiging til aukins fjölda dauðra einstaklinga er nær dregur verksmiðjusvæði og ekki er marktækur munur á búrum á annars vegar 1 og hins vegar 5 dýpi. Þær stöðvar, sem líklegastar eru til að sýna áhrif verksmiðjurekstrarins, eru stöðvar 2, 6 og 3. Þessar stöðvar sýna ekki hærri dauðatíðni en aðrar stöðvar.

Hlutfall dauðra einstaklinga er jafnframt á því bili, sem mjög mikill fjöldi rannsókna með krækling í búrum, sem skýrsluhöfundur hefur stýrt, sýnir. Undan er skilin fyrsta rannsókn með kræklingi við Grundartanga sumarið 2000 (14). Í því tilviki var um mun smærri krækling að ræða en, eins og fram hefur komið, er hann talsvert viðkvæmari fyrir hvers kyns raski en stærri kræklingur (4).

Tafla V Samantekt á heildarfjölda og dauðra einstaklinga í búrum.

Stöð	Heildarfjöldi einstaklinga	Fjöldi dauðra einstaklinga	Hlutfall dauðra %
B1-1m	111	2	1,8%
B1-5m	110	1	0,9%
S5-1m	109	6	5,5%
S5-5m	110	1	0,9%
S1-1m	111	1	0,9%
S1-5m	113	4	3,5%
S2-1m	111	3	2,7%
S2-5m	111	2	1,8%
S6-1m	112	3	2,7%
S6-5m	109	3	2,8%
S3-1m	109	4	3,7%
S3-5m	114	2	1,8%
S4-1m	112	3	2,7%
S4-5m	112	1	0,9%
B2-1m	110	0	0,0%
B2-5m	110	4	3,6%

Einnig er þekkt að sveiflur í seltu vegna ferskvatnsáhrifa geta haft veruleg áhrif á dauðatíðni [10]. Lítil kræklingur vex hlutfallslega mun meira en stærri kræklingur, sem svo aftur veldur því að þrengra verður um hann með tíma í búrum. Úrvinnsla á gögnunum úr 2000-rannsókninni sýndi að afföll urðu í upphafi þess að hann var settur á stöðvar sínar og að bankasýni sýndu lága dauðatíðni, þ.e. hnjask á smáum kræklingi samfara dreifingu búrana var orsök meiri affalla en ekki staðsetning þeirra á stöðvunum.



Mynd 2 Hlutfall dauðra einstaklinga í sýnum.


4.2 Formfræðilegir þættir kræklings og massar

Niðurstöður um mælingar á ástandsáttum eru teknar saman í viðauka I. Eftirfarandi skýringarmynd lýsir formfræðilegu þáttunum lengd, hæð og breidd.



4.2.1 Lengd, hæð og breidd


Mynd 3 sýnir meðallengd (log-vörpuð gögn) sýnanna. Sýnin á viðmiðunarstöð höfðu vaxið um $63 \mu\text{m/d}$ (1 m) og $36 \mu\text{m/d}$ (5 m). Til samanburðar lengdist viðmiðunarkræklingur árið 2004 um $37 \mu\text{m/d}$ (1m) og $36 \mu\text{m/d}$ (5 m).



Mynd 3 Meðallengd (geometrísk) skelja með 95% vikmörkum. Fylltar súlur eru sýni á 1 m dýpi en rúðustrikaðar eru sýni á 5 m dýpi. Gular stjörnur (1 m) og rauðar (5 m) fyrir ofan súlur sýna lengdir sem eru marktækt styttri en sýni á sama dýpi á viðmiðunarstöð (95% CI).


Fyrir hverja stöð er ekki marktækur munur á lengd á annars vegar 1 m dýpi og hins vegar 5 m dýpi (t-próf; $p > 0,05$). Á 1 m dýpi er kræklingurinn á stöðvum 1, 6, 3 og 4 marktækt styttri en á sama dýpi á viðmiðunarstað (t-próf; $p < 0,05$). Stöð 6 sýnir minnstan vöxt ($24 \mu\text{m/d}$) en stöð 3 með næstminnstan vöxt ($36 \mu\text{m/d}$). Sjá má að bæði sýni á stöð 4 hafa vaxið marktækt hægar en á viðmiðunarstöð, mynd 3.

Mynd 4 sýnir hæðir kræklingssýna. Í banka, bæði í upphafi og í lokin, er ekki marktækur munur á sýnum á annars vegar 1 m dýpi og hins vegar 5 m dýpi (t-próf; $p > 0,05$) og höfðu hæðir vaxið $32-34 \mu\text{m/d}$ á tímabilinu. Marktækur munur er á hæð skelja á 1 m og 5 m dýpi fyrir stöðvar 5 ($1 \text{ m} > 5 \text{ m}$) og 6 ($1 \text{ m} < 5 \text{ m}$). Bæði stöð 2 og stöð 3 eru með marktækt minni hæð á 5 m dýpi en á samsvarandi dýpi í banka, 18 og $17 \mu\text{m/d}$, en aðeins stöð 6 er með marktækt minni hæð á 1 m dýpi en í banka eða $23 \mu\text{m/d}$, mynd 4.



Mynd 4 Meðalhæð (geometrískt) skelja með 95% vikmörkum. Fylltar súlur eru sýni á 1 m dýpi en rúðustrikaðar sýna sýni á 5 m dýpi. Stjörnur fyrir ofan súlur sýna hæð sem er marktækt frábrugðin sýni á sama dýpi á viðmiðunarstöð (95% CI).


Mynd 5 sýnir breidd skelja í sýnunum. Aldrei er marktækur munur á sýnum á annars vegar 1 m dýpi og á 5 m dýpi hins vegar (t-próf, $p < 0,05$). Vöxtur er 27 og 31 $\mu\text{m}/\text{d}$ á 1 og 5 m dýpi í banka. Sýni á báðum dýpum á stöð 6 eru hins vegar með breidd sem er marktækt minni en á sasmsvarandi dýpum í banka en á stöð 6 er vöxturinn 19 og 13 $\mu\text{m}/\text{d}$ á 1 og 5 m dýpi.



Mynd 5 Meðalbreidd (geometrískt) skelja með 95% vikmörkum. Fylltar súlur eru sýni á 1 m dýpi en rúðustrikaðar sýna sýni á 5 m dýpi. Stjörnur fyrir ofan súlur sýna breidd sem er marktækt frábrugðin sýni á sama dýpi á viðmiðunarstöð (95% CI).

4.2.2 Heildarþyngd

Mynd 6 sýnir heildarþyngd kræklingssýna.




Mynd 6 Meðalheildarþyngd (geómetrískt) kræklingssýna með 95% vikmörkum. Fylltar súlur eru sýni á 1 m dýpi en rúðustrikaðar sýna sýni á 5 m dýpi. Stjörnur fyrir ofan súlur sýna heildarþyngd sem er marktækt frábrugðin sýni á sama dýpi á viðmiðunarstöð (95% CI).


Aldrei er munur í heildarþyngd á annars vegar 1 m og hins vegar 5 m dýpi. Kræklingurinn óx þökkalega á viðmiðunarstöð eða 62 mg/d á 1 m og 47 mg/d á 5 m dýpi. Marktækt minni heildarþyngd er á stöðvum 6, 3 og 4 á 1 m dýpi en á viðmiðunarstöð (ANOVA og t-próf; $p < 0,05$), þ.e. 40 mg/d (stöð 6), 48 mg/d (stöð 3) og 51 mg/d (stöð 4).

Mynd 7 sýnir meðalheildarþyngd sem fall af meðallengd fyrir sýnin á 1 m dýpi og sést þar hvernig stöðvarnar með marktækt minni þyngd en á viðmiðunarstöð raða sér, þ.e. stöð 6 < stöð 3 < stöð 4, og afstöðu þeirra til viðmiðunarsýna í upphafi og lok. Þessar þrjár stöðvar voru einnig með marktækt styttri meðallengdir á 1 m dýpi en á viðmiðunarstöð, mynd 3, og mynd 7 sýnir glögglega.

Mynd 8 sýnir sömu stærðir fyrir sýni á 5 m dýpi en þar var aldrei marktækur munur á heildarmassa á stöðvunum og viðmiðunarstöð. Stöðvar 6 og 4 sýndu hins vegar marktækt styttri lengd, mynd 3, og mynd 8 gerir glögga grein fyrir.




Mynd 7 Meðalheildarþyngd sem fall af meðallengd fyrir stöðvar á 1 m dýpi. Stöðvar 6, 3 og 4 eru með marktækt minni meðalheildarmassa en viðmiðun ($p < 0,05$).



Mynd 8 Meðalheildarþyngd sem fall af meðallengd fyrir stöðvar á 5 m dýpi. Kræklingur á stöðvum reyndust aldrei marktækt minni en á viðmiðun ($p < 0,05$).

4.2.3 Skeljamassi

Mynd 9 sýnir skeljamassa kræklingssýna.




Mynd 9 Meðalskeljamassi (geometrískt) kræklingssýna með 95% vikmörkum. Fylltar súlur eru sýni á 1 m dýpi en rúðustrikaðar sýna sýni á 5 m dýpi. Stjörnur fyrir ofan súlur sýna heildarþyngd sem er marktækt frábrugðin sýni á sama dýpi á viðmiðunarstöð (95% CI).


Marktækur munur reynist vera á bankasýni í upphafi fyrir 1 m og 5 m dýpi (5 m > 1 m) og á það reyndar við um stöð 2 einnig (1 m > 5 m). Munrinn er lítill en bendir til að kræklingssýnum hafi ekki verið dreift á einsleitán hátt í búr sín. Athygli vekur einnig að fleiri sýni eru marktækt lægri en á viðmiðunarstöð (ANOVA, $p < 0,05$) en fyrir heildarmassa, mynd 9.

Vöxtur í banka er þokkalegur eða 25 mg/d (1 m) og 18 mg/d (5 m). Fyrir sýni á 1 m dýpi eru þrjár stöðvar með minni vöxt en í banka, þ.e. stöðvar 1 (20 mg/d), 6 (16 mg/d) og 3 (18 mg/d). Fyrir 5 m dýpi eru stöðvar 2 og 3 með marktækt minni massa eða 15 og 14 mg/d.

Mynd 10 sýnir meðalskeljamassa sem fall af meðallengd fyrir 1 m dýpi og mynd 11 sömu stærðir fyrir 5 m dýpi.




Mynd 10 Meðalskeljamassi sem fall af meðallengd fyrir stöðvar á 1 m dýpi. Stöðvar 6, 3 og 1 eru með marktækt minni meðalskeljamassa en viðmiðun ($p < 0,05$).



Mynd 11 Meðalskeljamassi sem fall af meðallengd fyrir stöðvar á 5 m dýpi. Stöðvar 3 og 2 eru með marktækt minni meðalskeljamassa en viðmiðun ($p < 0,05$).

4.2.4 Holdmassi


Mynd 12 sýnir meðalholdmassa kræklingssýna. Aldrei reynist vera munur á sýnum af sömu stöð, þ.e. munur milli sýnis á 1 og 5 m dýpi.




Mynd 12 Meðalholdmassi (geometrískt) kræklingssýna með 95% vikmörkum. Fylltar súlur eru sýni á 1 m dýpi en rúðustrikaðar sýna sýni á 5 m dýpi. Stjörnur fyrir ofan súlur sýna holdþyngd sem er marktækt frábrugðin sýni á sama dýpi á viðmiðunarstöð (95% CI).

Holdmassaukning á viðmiðunarstöð er góð eða 29 (5 m) og 36 (1 m) mg/d. Á stöð 6 er marktækt minni holdþungi en á viðmiðunarstöð (ANOVA og t-próf, $p < 0,05$) eða 24 mg/d á báðum dýpum. Á stöð 4 á 1 m dýpi er sýnið marktækt minna en á viðmiðunarstöð á 1 m dýpi en munurinn er mjög lítill 30 mg/d í stað 36 mg/d á viðmiðun.

Á sama hátt og fyrir heildarþyngd og skeljamassa sýna myndir 13 og 14 holdþyngd sem fall af lengd.




Mynd 13 Meðalholdþyngd sem fall af meðallengd fyrir stöðvar á 1 m dýpi. Stöðvar 6 og 4 eru með krækling með marktækt minni meðalholdmassa en viðmiðun ($p < 0,05$).



Mynd 14 Meðalholdþyngd sem fall af meðallengd fyrir stöðvar á 5 m dýpi. Stöð 6 er með krækling með marktækt minni meðalholdmassa en viðmiðun ($p < 0,05$).


4.2.5 Ástandsstuðlar kræklingssýna

Ástandsstuðull, sem reiknaður er sem hlutfall breiddar og hæðar, getur hækkað með auknum styrk þungmálma [11,12]. Samkvæmt því benda niðurstöðurnar ekki til þungmálmamengunar nem e.t.v. í bankanum sjálfum, mynd 15, en öll sýni á 1 m dýpi eru með lægra hlutfall en á 1 m dýpi í banka og ekkert sýnanna á 1 m dýpi hefur hærra hlutfall en upphaflega í bankanum (ANOVA og t-próf, $p < 0,05$). Á 5 m dýpi reynist breytileiki í banka í lokin vera mikill og gerir það að verkum að aðeins tvö sýna eru marktækt lægri, stöðvar 5 og 3. Stöðvar 1 og 2 á 5 m dýpi hafa hærra hlutfall en upphaflega í banka en stöð 5 með lægra hlutfall en upphaflega í banka. Slíkar niðurstöður eru aðeins vísbending og koma aldrei í stað beinna mælinga á þungmálmum.




Mynd 15 Meðalhlutfall (geometrískt) breiddar og hæðar (W/H) kræklingssýna. Fylltar súlur eru sýni á 1 m dýpi en rúðustrikaðar sýna sýni á 5 m dýpi. Stjörnur fyrir ofan súlur sýna hlutfall sem er marktækt frábrugðin sýni á sama dýpi á viðmiðunarstöð (95% CI).

Annar ástandsstuðull sem tíðast er notaður til mats á næringarástandi kræklinga er holdarfarsstuðull, sem er reiknaður með ýmsum hætti en oftast sem annaðhvort hlutfall þurrefnisþunga vöðva og heildarþurrefnisþunga kræklinga eða sem hlutfall þurrefnisþunga vöðva og innra rúmmáls kræklinga (stundum áætlað með L^3 eða $L \times H \times W$). Mynd 16 sýnir holdarfarsstuðulinn reiknaðan með fyrri hættinum og má almennt segja að holdarfarsstuðullinn sé þokkalegt eða u.þ.b. 50 % betra en það sem finna má í villtum kræklingi í fjöru. Ekki er að sjá neinar breytingar í banka eða á sniðinu frá stöð 5 til stöðvar 4. Mynd 17 sýnir hlutfall þurrefnis mjúkvöðva og rúmmáls, reiknað sem $L \times H \times W$, og kemur þar fram sama niðurstaða og fyrir holdarfarsstuðul á mynd 16 nema hvað þessi stuðull hefur vaxið í bæði banka og á stöðvunum meðan á eldinu stóð.



Mynd 16 Meðalhlutfall þurrþyngdar mjúkvöðva og heildarþurrþyngdar kræklingssýna. Fylltar súlur eru sýni á 1 m dýpi en rúðustrikaðar sýna sýni á 5 m dýpi.



Mynd 17 Meðalhlutfall þurrþyngdar mjúkvöðva og rúmmáls kræklingssýna. Fylltar súlur eru sýni á 1 m dýpi en rúðustrikaðar sýna sýni á 5 m dýpi.

4.3 Meginefnaþættir kræklingssýna

Meginefnaþættir kræklinga eru mældir þar sem þau eru mikilvæg við skilgreiningu sýnanna og til að nota við túlkun á mun í líffræðilegum þáttum eða styrk snefilefna. Tafla VI sýnir niðurstöður mælinga á vatni, fitu, ösku og salti í mjúkvef kræklingssýnanna.

Tafla VI Meginefnaþættir kræklingssýna (votvigt).

Stöð	Raki %	Aska %	Fita %	Salt %
B 1-1	85,16	2,74	1,3	1,37
B 1-5	85,95	2,67	1,2	1,93
S 1-1	86,14	2,34	1,1	1,88
S 1-5	86,06	2,38	1,1	1,84
S 2-1	86,11	2,35	1,1	1,81
S 2-5	87,00	2,39	1,0	1,87
S 3-1	85,40	2,34	1,2	1,19
S 3-5	86,66	2,40	1,1	1,90
S 4-1	86,24	2,37	1,1	1,87
S 4-5	85,23	2,33	1,2	1,67
S 5-1	86,12	2,37	1,1	1,72
S 5-5	87,50	2,44	0,8	1,98
S 6-1	85,76	2,47	1,2	1,67
S 6-5	86,25	2,43	1,2	1,81
B 2-1	86,07	2,39	1,1	1,79
B 2-5	86,75	2,45	1,0	1,85

Tafla VI sýnir að tiltölulega lítill munur sé á sýnunum og skýrir hann ekki þann mun sem var að finna í líffræðilegum þáttum að ofan. Er varðar þurrefni, þá er ekki munur á sýnum á 1 og 5 m dýpi (parað t-próf; $p < 0,05$). Þurrefnið er lægra 2007 en 2004 og skýrir það minni holdarfarsstuðul 2007 en 2004. Árið 2000 var þurrefnið hins vegar hærra en það var 2004. Ekki er kunn ástæða þessarar minnkunar í þurrefni frá 2000.

Þessar niðurstöður fyrir þurrefni eru þó nokkru hærra en fyrir krækling úr fjöru, sem alla jafna sýnir síðra holdarfar en kræklingur á baujum.

4.4 Líffræðilegir þættir og meginefnaþættir, samantekt

Kræklingurinn dafnaði þokkalega á flestum stöðvum. Metið út frá holdarfarsstuðlum er kræklingur á stöðvunum 2007 síðri en á stöðvunum 2004 (bæði ANOVA ($p < 0,005$) og parað t-próf (95% CI)). Þessi munur á einnig við um bankasýnin í lok tilrauna, þ.e. holdarfarsstuðull bankasýna í lokin var talsvert hærra 2004 en 2007. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að kræklingurinn 2007 kom úr kræklingaeldi en villtur kræklingur var notaður 2004 en villtur kræklingur hefur jafnan síðra holdarfar vegna erfiðari lífsskilyrða en baujukræklingur. Kræklingurinn 2000 var hins vegar í betri holdum en kræklingurinn bæði 2004 og 2007, stöðvum og í banka. Að því gefnu að kræklingur hafi verið einsleitur í öllum búrum í upphafi, þá var vöxtur marktækt lakastur á stöð 6 og þarnæst á stöð 3 ($p < 0,05$).

Dauðatíðni var ávallt undir 4% nema á 1 m dýpi á stöð 5 þar sem tíðnin var á bilinu 5-6 %.


Vöxtur og holdarfar er háður miklum fjölda breyta [4, 13] og án þess að þekkja raunverulegar orsakir mismunar verður túlkun mjög örðug. Mikilvægt er að þekkja vel þær breytur sem ræddar hafa verið að ofan og taka tillit til náttúrulegs breytileika við túlkun á gögnum um mengunarefni. Þekkt er að þessi breytileiki getur gert þeirri túlkun erfitt fyrir en oftast eru niðurstöður mælinga á mengun notaðar til skýringa á líffræðilegum frávikum en ekki öfugt [10].

5. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á ÓLÍFRÆNUM SNEFILEFNAÞÁTTUM

Niðurstöður mælinga á ólífrænum snefilefnum er að finna í viðauka II.

5.1 Flúor

Mynd 18 sýnir styrk flúors á votvigtargrunni.




Mynd 18 Styrkur flúors í mjúkvafkræklings á votvigtargrunni.

Ekki er kerfisbundinn munur í styrk flúors eftir dýpi á stöðvunum sex (1 og 5 m) og virðist styrkur flúors á votvigtargrunni ekki hafa vaxið nema á stöð 1 (1 m dýpi) og í bankanum sjálfum. Ekki er marktækur munur á banka í upphafi og á stöðvunum. Viðmiðun í lokin sýnir hins vegar marktækt hærri styrk en á stöðvunum. Miðað við rannsóknina 2004 er um marktækt hærri styrk flúors að ræða á stöðvunum sex og er munurinn um 30% á votvigtargrunni en um 50% á þurrvigtargrunni, sjá mynd 19. Ekki er kunn skýring á þessari hegðun en styrkur flúors á stöðvunum er innan marka viðmiðunarstöðvarinnar fyrir þessa rannsókn. Munur milli ára getur verið mikill í styrk ólífræna snefilefna [18] en hér gæti einnig mæliaðferðafræðilgur munur verið að verki. Af þessum sökum er samanburður við viðmiðunarstöð hverju sinni sterkasta vopnið í rannsóknum sem þessum.

Mynd 19 sýnir styrk flúors á þurrvigtagrunni þar sem jafnframt eru sýnd lægstu viðmiðunarmörk Norðmanna fyrir flúor í kræklingi [17] en undir þessum styrk er sjórinn álitinn óverulega mengaður (“ubetydlig-lite forurenset”) og setur svæðið í fyrsta flokk af fimm. Almennt er þó ástæða til að fara varlega við samanburð á viðmiðunarmörkum milli hafsvæða því munur á hafsvæðum getur verið umtalsverður af náttúrulegum ástæðum.

Flúor var ekki mældur í mjúkvæf í rannsókninni 2000.




Mynd 19 Styrkur flúors í mjúkvæf kræklinga á þurrvigtagrunni.


5.2 Sink

Sinkstyrkur í mjúkvöðva kræklinga á þurrvigtagrunni er sýndur á mynd 20a. Ekki er kerfisbundinn munur í styrk sinks eftir dýpi (1 og 5 m) á stöðvunum sex. Miðað við rannsóknina 2000 er hins vegar um marktækt hærra styrk að ræða 2007 sem nemur um 10 %, sjá mynd 20b (parað t-próf; $p < 0,05$). Þessi munur er hins vegar lítill í samanburði við breytingar sem geta orðið á styrk milli ára [18]. Styrkur í öllum sýnum stöðvanna er ómarktækt frábrugðinn styrk viðmiðunar í lokin (ANOVA; $p > 0,05$). Styrkur á þurrvigtagrunni er sá sami og 2004 (parað t-próf; $p > 0,05$).

Miðað við lægstu viðmið fyrir sink í Noregi [17], fellur svæðið í fyrsta flokk, sjá mynd 20.



Mynd 20a Styrkur sinks í mjúkvef kræklings á þurrvígtargrunni.




Mynd 20b Styrkur sinks í mjúkvef kræklings á þurrvígtargrunni og meðalstyrkur stöðva 2004 og 2000.


5.3 Kopar

Koparstyrkur í mjúkvef kræklings á þurrvígtargrunni er sýndur á mynd 21a. Ekki er kerfisbundinn marktækur munur á kræklingi á 1 og 5 m dýpi. Sjá má að styrkur kopars hefur hækkað í kræklingnum við eldið á stöðvunum við verksmiðjusvæðið en einnig á viðmiðunarstöðinni. Þetta gerðist einnig 2004 en styrkurinn 2007 er hins vegar marktækt hærri á þurrefnisgrunni en hann var 2004 eða um 30% hærri að meðaltali (parað t-próf; $p < 0,05$), sjá mynd 21b, en munurinn er minni á votvígtargrunni eða um 10%, sem þó er enn marktækt. Í rannsókninni 2000 var meiri

breytileiki á milli stöðva en bæði 2004 og 2007,- styrkurinn 2000 var þó marktækt hærri á þurrefnisgrunni en 2007 (parað t-próf; $p < 0,05$). Meðalstyrkurur stöðvanna 2000 setti svæðið í annan flokk samkvæmt viðmiðunum í Noregi [17] eða svæði undir nokkrum áhrifum (“moderat forurenset”). Kræklingurinn á stöðvunum sex er hins vegar ómarktækt frábrugðinn viðmiðuninni lokin (ANOVA; $p > 0,05$).



Mynd 21a Styrkur kopars í mjúkvaf kræklings á þurrvigtagrunni.




Mynd 21b Styrkur kopars í mjúkvaf kræklings á þurrvigtagrunni og meðalstyrk stöðva 2000 og 2004.

Styrkur kopars 2007 er jafnhár eða lægri en lægsta viðmiðunargildi í Noregi segir til um [17] og setur svæðið í fyrsta flokk samkvæmt því flokkunarkerfi. Það á við um bæði sink og kopar að kræklingurinn getur stjórnað upptöku þeirra fari styrkur sjávarins ekki yfir ákeðin mörk. Styrkur kopars sem og annarra ólífrænna snefilefna í kræklingi getur verið mismunandi frá einu ári til annars [18] og þó svo lægstu viðmiðunarmörk í Noregi séu jöfn hæsta styrk í þessari rannsókn þá er þessi styrkur kopars vanalegur í innlendum sem erlendum gagnagrunnum fyrir krækling af ómenguðum svæðum [18].

5.4 Arsen


Arsenstyrkur er sýndur á mynd 22a á þurrvigtargrunni og má sjá að styrkur arsens hefur lækkað á stöðvunum sex og í banka meðan á eldinu stóð. Heildarmagn arsens í hverjum meðaleinstakling hefur hins vegar vaxið marktækt í banka meðan á eldinu stóð (t-próf; $p < 0,05$) og er magn arsens á stöðvunum ekki marktækt frábrugðið magni bankans í lokin (t-próf; $p > 0,05$). Einnig sést að bankaviðmiðunin í upphafi er örlítið yfir lægstu viðmiðunarmörkum í Noregi [17] en annars eru sýni og banki í lokin undir þessari lægstu viðmiðun og flokkar svæðið því í fyrsta flokk af fimm. Almennt eru sýni stöðvanna á 1 m dýpi hærri í arseni en kræklingurinn á 5 m dýpi og er munurinn marktækur fyrir öll sýnin tekin saman (parað t-próf; $p < 0,05$). Sýni stöðvanna sex er ómarktækt frábrugðinn bankasýnunum í lokin (ANOVA; $p > 0,05$).




Mynd 22a Styrkur arsens í mjúkvaf kræklinga á þurrvigtargrunni.

Styrkur arsens er almennt örlítið hærri 2007 en 2004, u.þ.b. 10%, marktækt á þurrvigtargrunni en ekki á votvigtargrunni (parað t-próf; 95% CI), sjá mynd 22b. Styrkur arsens á þurr- og votvigtargrunni 2000 var hins vegar talsvert og marktækt hærri en bæði 2004 og 2007 (parað t-próf; $p < 0,05$). Samanburður á myndum 21b og 22b sýnir að arsen og kopar hegða sér svipað á milli ára og í ljós kemur góð fylgni kopars og arsens á stöðvunum og banka í lokin 2007 ($r^2=0,73$) en fylgni var síðri en marktæk ($p < 0,05$) bæði 2004 ($r^2=0,39$) og 2000 ($r^2=0,33$), sjá mynd 22c. Fylgni

kopars og arsens bendir til að kræklingur geti ekki einungis stýrt koparstyrk í vefjum sínum heldur arseni einnig. Stjórnun kræklings á styrk arsens er í samræmi við nýlegar rannsóknir, sem sýna að selta geti haft veruleg áhrif hér á [22,23] en stærsti hluti arsens í kræklingi er óeitrað arsenobetaine, sem kræklingurinn notar við stjórnun á osmótískum þrýstingi.



Mynd 22b Styrkur arsens í mjúkvef kræklings á þurrvigtagrunni og meðalstyrkur stöðva 2000 og 2004.



Mynd 22c Samband styrks arsens og kopars 2000, 2004 og 200. Bankasýni í upphafi (B(1)) eru sérmerkt.


Styrkur arsens sem og annarra ólífræna snefilefna í kræklingi getur verið mismunandi frá einu ári til annars [18] og þó svo lægstu viðmiðunarmörk í Noregi séu nálægt styrk í þessari rannsókn (og yfir þeim árið 2000) þá er þessi styrkur arsens alvanalegur í innlendum sem erlendum gagnagrunnum fyrir krækling af ómengduðum svæðum [18].

5.5 *Kadmín*


Kadmínstyrkur er sýndur á mynd 22 á þurrvigtagrunni. Styrkur í bankanum í lokinn er örlítið hærri en í sýnunum á stöðvunum sex á þurrefnisgrunni og í heildarmagni (ANOVA; $p=0,048$) en ekki á votvigtagrunni ($p=0,08$). Sýnin á 1 m dýpi eru ekki marktækt hærri en sýnin á 5 m dýpi á þurrvigtagrunni (parað t-próf; $p>0,05$) en þau eru hærri á bæði votvigtagrunni og í heildarmagni. Kadmínstyrkurinn á stöðvunum er marktækt hærri en í rannsókninni 2004 eða um 25% að meðaltali á þurrefnisgrunni ($p<0,05$) en munurinn er minni en marktækur á votvigtagrunni. Styrkurinn 2007 er einnig marktækt hærri en 2000 (á þurrefnisgrunni) en þá voru aðeins þrjár stöðvar til rannsókna (parað t-próf og ANOVA; $p<0,05$), sjá mynd 23a.

Það sem vekur fyrst athygli er að styrkur kadmíns í sýnunum, banka meðtöldum, hefur lækkað um u.þ.b. helming meðan á eldinu við verksmiðjusvæðin stóð. Þetta er sama hegðun og sást 2000 [14] en ekki 2004 [15]. Ef skoðað er heildarmagn kadmíns í hverjum meðaleinstaklingi, mynd 23b, þá sést að magnið hefur ekki minnkað jafnmikið og ekki er um marktæka lækkun í banka að ræða (ANOVA; $p>0,05$) en það á hins vegar við um stöðvarnar, sem eru örlítið lægri en bankinn í lokin. M.ö.o. þá hefur vöxtur kræklinga á eldistímanum þynnt út það kadmín sem fyrir var í kræklingnum. Það er nokkuð algengt að sjá óbreytt magn (byrði) kadmíns þegar kræklingur er settur í búr af fjöru eða úr sjó með hærri styrk kadmíns eins og á við í þessu tilviki því Eyjafjörður sýnir ávallt hærri styrk kadmíns í kræklingi en svæði við t.d. Faxaflóa. Magn kadmíns lækkar hins vegar á löngum tíma og sjá má tilhneigingu í þá veru í þessum niðurstöðum.


Miðað við viðmiðunarmörk í Noregi [17] lendir svæðið í öðrum flokk sem nokkuð mengað svæði (“Moderat forurenset”) en það á almennt við um krækling úr ómengaðri náttúru Íslands, sem er sérstök m.t.t. kadmíns [18]. Leyfilegt hámarksgildi fyrir kadmín í samlokum er 1 $\mu\text{g/g}$ votvigta [20] en styrkur kadmíns í þessari rannsókn er á bilinu 0,27-0,40 $\mu\text{g/g}$ votvigta á stöðvunum og bankanum í lokin og því ávallt undir neysluviðmiði.



Mynd 22 Styrkur kadmíns í mjúkvef kræklings á þurrvigtargrunni.



